

STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2016, mánudaginn 20. febrúar var haldinn 260. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Theódór Kristjánsson varamaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfisbreytingar
2. Farþegaþjónusta
3. Reglur um hvað má fara í vagninn
4. Fjölmiðlagreining Strætó
5. Áhrif hraðastefnu Reykjavíkurborgar á leiðakerfi Strætó
6. Farþegatalningar
7. Ársfundur Strætó 2017
8. StrætóAPPið, næstu skref
9. Vagnakaupaútböð, kæra

Petta gerðist:

1. Leiðakerfisbreytingar
Áframhaldandi umræða um fyrirbyggjandi hugmyndir að leiðakerfisbreytingum í Kópavogi, breytingu á leiðum 6, 21 og 31, akstri um Hverfisgötu og nætur- og kvöldakstri, sem hafa verið í umræðu hjá stjórn Strætó.
Í kjölfar síðasta fundar sendi framkvæmdastjóri minnisblað til aðildarsveitarfélaganna með upplýsingum um breytingarnar þar sem kynnt var að leiðakerfisbreytingar, sem til álita komi að framkvæma næsta vor, þurfi að liggja fyrir samþykktar af viðkomandi sveitarfélögum á stjórnarfundi í dag.
Framkvæmdastjóra var falið að taka saman fyrir næsta fund stjórnar yfirlit yfir áætlaðan kostnað og skiptingu kostnaðar milli einstakra sveitarfélaga vegna þeirra breytinga sem liggja fyrir, samþykktar af viðkomandi sveitarfélagi og koma þess vegna til álita næsta vor.
Aðrar breytingar á leiðakerfi Strætó, sem viðkomandi sveitarfélög vilja að komi til álita næsta haust, þurfa að liggja fyrir samþykktar af viðkomandi sveitarfélögum og stjórn eigi síðar en í lok apríl 2017.
2. Farþegaþjónusta
Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustunnar, fór yfir símsvörun í þjónustuveri í janúar 2017. Svarhlutfall hefur hækkað á milli mánaða og er nú um 81%. Betri svörun má að áliti sviðstjórans rekja til fleira starfsfólks í þjónustuveri og fækkunar símatala sem aftur megi að hluta rekja til betri upplýsinga á heimasíðu Strætó.
Farið var yfir gang mála í akstursþjónustu fatlaðra undanfarna mánuði.
3. Reglur um hvað má fara í vagninn
Fyrir fundinum lá minnisblað með tillögum vinnuhóps um hvað má fara með í vagninn. Hugmyndirnar voru unnar í samvinnu við umbótahóp Strætó sem samanstendur af vagnstjórum og starfsmönnum í þjónustuveri. Hugmyndirnar hafa einnig verið til umræðu á opnum upplýsingafundi starfsmanna Strætó í janúarmánuði 2017.
Lagt er upp með að tala til farþega með jákvæðum hætti, einnig tók vinnuhópurinn mið af því sem þekktist í nágrannalöndum okkar og var sérstaklega horft til Svíþjóðar. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri láti fullvinna reglur um hvað megi fara í vagninn á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu vinnuhóps og að reglurnar verði birtar á heimasíðu Strætó í kjölfarið.
4. Fjölmiðlagreining Strætó
Fyrir fundinum lá til kynningar greining Creditinfo hf. á umfjöllum fjölmiðla um starfsemi Strætó á árinu 2016.

5. Áhrif hraðastefnu Reykjavíkurborgar á leiðakerfi Strætó
Fyrir fundinum lá minnisblað, dags. 13.02.2017, unnið af verkfræðistofunni Mannvit fyrir stjórn um áhrif breytinga á stefnu Reykjavíkurborgar varðandi umferðarhraða á leiðakerfi Strætó. Einnig lá fyrir minnisblað Ragnheiðar Einarsdóttur samgöngusérfræðings hjá Strætó, dags. 17.02.2017.
Í minnisblaði verkfræðistofunnar Mannvits kemur fram að ef leyfðum hámarkshraða umferðar verður breytt á götum, þar sem í dag er leyft að aka á 50-60 km/klst og leyfður hámarkshraði lækkaður í 30-50 km/klst, muni það þá hafa þau áhrif á akstur Strætó að erfitt verður að uppfylla tímatöflu á vissum leiðum. Ef halda á uppi sama þjónustustigi mun slíkt óhjákvæmilega leiða til fjölgunar vagna með tilheyrandi hækkun aksturskostnaðar fyrir Strætó.
Að áliti samgöngusérfræðings Strætó má reikna með að kostnaður við akstur geti aukist um allt að 80 m.kr. ári, en auk þess megi gera ráð fyrir kostnaði vegna 4-5 viðbótarvagna þar sem meðalvagnagjald á ári sé um 9 m.kr.
Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi aðildarsveitarfélögum Strætó fyrirbyggjandi minnisblöð til upplýsingar.
6. Farþegatalningar
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á farþegatalningu Strætó. Nýtt talningarkerfi er núna komið í 22 vagna og gert er ráð fyrir að fyrstu farþegatölur, sem byggja á niðurstöðu nýs talningarkerfis, liggi fyrir innan skamms.
7. Ársfundur (aðalfundur) Strætó 2017
Samþykkt að stefna að opnum ársfundi (aðalfundi) Strætó eigi síðar en í apríl 2017, sbr. starfsreglur stjórnar þar um.
Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa ársfundinn.
8. StrætóAPPið, næstu skref
Unnið er að því að gera farþegum sem ferðast með landsbyggðavögnum Strætó mögulegt að nýta appið til að greiða fargjaldið. Gert er ráð fyrir að ný uppfærsla á appinu verði komin í loftið eigi síðar en í maí nk.
9. Vagnakaupaútböð, kæra
Kærunefnd útböðsmála hefur borist kæra frá BL ehf. vegna ákvörðunar Strætó um töku tilboðs í kjölfar örútböðs III á grundvelli samningskaupalýsingar og skilmála nr. 13002.
Kærumálgögn hafa ekki borist frá kærunefndinni en þegar þau berast mun lögmönnum Strætó verða falið að yfirfara málið og gæta hagsmuna byggðasamlagsins.

Fundi slitið kl. 1305

10. Fylgiskjöl:

Tillögur vinnuhóps – Hvað má fara í vagninn
Fjölmíðlagreining Creditinfo hf., Strætó janúar til desember 2016
Minnisblað, dags. 17.02.2017. Áhrif mögulegra hraðalækkana í Reykjavík á Strætó, Ragnheiður Einarsdóttir, Strætó bs.
Minnisblað, dags. 13.02.2017. Áhrif hraðastefnu Reykjavíkurborgar á akstur Strætó. Verkfræðistofan Mannvit.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sverrir Óskarsson

Theódór Kristjánsson
Guðlaug Kristjánsdóttir